

# Sjálfsmatstæki fyrir æskulýðsstefnu



COUNCIL OF EUROPE



*The opinions expressed in this work are the responsibility of the authors and do not necessarily reflect the official policy of the Council of Europe.*

All requests concerning the reproduction or translation of all or part of this document should be addressed to the Directorate of Communication (F-67075 Strasbourg Cedex or [publishing@coe.int](mailto:publishing@coe.int)). All other correspondence concerning this document should be addressed to the Directorate General of Democracy – Youth Department ([youth@coe.int](mailto:youth@coe.int)).

Cover and layout: Documents and Publications Production Department (SPDP), Council of Europe

Photos: © Council of Europe

This publication has not been copy-edited by the SPDP Editorial Unit to correct typographical and grammatical errors.

© Council of Europe, February 2021  
Printed at the Council of Europe



## Inngangur

---

**E**itt forgangsatvið milli ríkjasamvinnu Evrópuráðs á ungmennasviði er að stuðla að og styðja þróun á stefnu í æskulýðsmálum.

■ Það er á ábyrgð stýrinfndar Evrópuráðsins um málefni ungs fólks (CDEJ), sem er skipuð fulltrúum frá ráðuneytum og stofnunum sem sjá um æskulýðsmál í þeim 50 ríkjum sem aðild eiga að menningarsáttmála Evrópu.

■ CDEJ hlúir að samvinnu á milli ríkisstjórna á æskulýðssviði og hefur útbúið ramma til samanburðar á æskulýðsstefnum ríkja, deilingu á bestu starfsvenjum og drögum að staðlasetjandi textum.

■ Í þessu samhengi samþykkti CDEJ það sjálfsmatstæki sem er í gildi til þess að þróa æskulýðsstefnu og hvatti aðildarríki til þess að nýta það og dreifa.

## Grunnurinn að sjálfsmatstækinu

---

**Þ**ar sem eftirlitskerfi er ekki fyrir hendi til þess að fylgja eftir verkefnum í ungmennageira Evrópuráðs, þótti CDJE vera aukin þörf á því að ríkisstjórnir aðildarríkja þróðu matsskilyrði og aðferðir til að meta framför yfir tíma.

■ Þannig taldi CDEJ vera nauðsyn á þróun gæðaviðmiðana fyrir æskulýðsstefnu, m.a. á grundvelli tilmæla með samþykkt ráðherranefndar (eða, þar sem við á, texta með samþykkt annarra viðkomandi stofnana Evrópuráðs).

■ Í tengslum við slík viðmið var hannað sjálfsmatstæki með staðlamælikvarða til þess að gera yfirlit með ábyrgð á málum ungmenna kleift að meta tímabundið framför á þróun æskulýðsstefnu og velja nauðsynlegar leiðréttingar eða breytingar.

■ Tæki þetta var þróað með hjálp aðildarríkja til þess að gera þeim kleift að meta sjálf hversu vel þau mæta stöðlum Evrópuráðs um æskulýðsstefnu og til nota við að ákvarða framgang í þróun á æskulýðsstefnu.



## Grundvallarreglur opinberrar æskulýðsstefnu samkvæmt Evrópuráði

Í tímanna rás hefur Evrópuráðið unnið að margbreytilegum meginreglum, markmiðum og gildum í þeim tilgangi að styrkja æskulýðsstefnu.

Samkvæmt Evrópuráði ætti sérhver opinber æskulýðsstefna að stuðla að eftirfarandi grundvallarreglum <sup>1</sup>:

- Að bæta meðvitað hag ungs fólks á samstilltan og gagnkvæmt styrkjandi hátt, og eftir því sem mögulegt er með því að taka á verkefnum sem markvissum tækifærum frekar en vandamála miðum, með því að gera ítarlega grein fyrir m.a. stöðlum og leiðum í æskulýðsstefnu þar sem þess er þörf;
- Að veita ungmennum aðild að bæði stefnumótun í málum æskulýðs og með því að leita eftir skoðunum þeirra á rekstrarskilvirkni stefnuframkvæmda;
- Að skapa aðstæður til náms, tækifæra og upplifunar sem tryggir það að æskulýður hafi möguleika á að þróa með sér þekkingu, færni og hæfni til þess að taka fullan þátt bæði á vinnumarkaði og í borgaralegu samfélagi;
- Að setja á stofn kerfi fyrir áreiðanlega gagnasöfnun til þess bæði að sýna skilvirkni æskulýðsstefnu og gefa til kynna að hvaða marki 'stefnuannmarka' er að finna á raungóðri skilun á aðstoð við ungmenni úr tilteknum þjóðfélagshópum, á tilteknum svæðum eða búandi við tilteknar aðstæður;
- Að sýna skuldbindingu við að laga slíka 'stefnuannmarka' þar sem sýna má fram á tilvist þeirra.

Þessi grundvallaratriði lýsa því hvernig skynsamleg stefna ætti að vera. Einnig er brýnt fyrir aðildarríkjum að fylgjast með árangri og markvirkni þeirra stefna sem þeir innleiða og vera tilbúin að fínstilla (eða jafnvel hverfa frá þeim) ef þær reynast að hluta til eða fullkomlega gagnslaugar.

Hinsvegar er áhersla núgildandi sjálfsmatstækis ekki beinlínis á ofangreind grundvallaratriði um æskulýðsstefnu. Þeir hagsmunaðilar sem vilja meta hlítningu sína við þessi grundvallaratriði í sínu eigin samhengi (hvort sem það er á staðar-, svæðis-, lands- eða Evrópuvísí) eru hvattir til að nota tækið fyrir gæðastaðla sem þróuð voru af evrópskum æskulýðsvettvangi (YFJ) og taka til flestra grundvallaratriðanna sem skráð eru hér á undan<sup>2</sup>

Áherslan í núgildandi sjálfsmatstæki er önnur þar sem það fjallar sérstaklega um mæta kröfum við stöðlum Evrópuráðs í æskulýðsstefnu.

1. Heimild: "Evrópuráðið og æskulýðsstefna: stuðningur, aðstoð og tilföng fyrir þróun á æskulýðsstefnu í aðildarríkjum" (2016). Þessi grundvallaratriði hafa verið týnd til úr margbreytilegu safni lykiltæxta Evrópuráðs um æskulýðsstefnu, m.a. skipunarbréfi stýrinfendar Evrópuráðsins um málefni ungs fólks (CDEJ) og ráðgjafarráði um málefni ungs fólks (CCJ), Yfirliti um æskulýðsstefnu (2012), með ívitnun í lokaskýrslu vinnuhópsins um mælistikur fyrir æskulýðsstefnu árið 2003.


2. <https://www.youthforum.org/toolkit-quality-standards-youth-policy>.



## Grunnstaðlar Evrópuráðs í æskulýðsstefnu

**S**amkvæmt CDEJ ættu umfang og áherslur æskulýðsstefnu Evrópuráðsins áfram að hlúa að grundvallargildum stofnunarinnar (mannréttindum, lýðræði og réttarríki).

Sex helstu íhlutunarsvið æskulýðsstefnu Evrópuráðsins (sjá yfirlitstöflu) eru á grundvelli staðla sem samþykktir voru af Evrópuráðinu á ungmennasviði (aðallega tilmæli ráðherranefndar). Er þeim ætlað að vera burðargrind við þróun æskulýðsstefnu framtíðarinnar innan stofnunarinnar.





## Hvernig á að nota sjálfsmatstækið fyrir æskulýðsstefnu

**T**ækinu í notkun er ætlað að hjálpa aðildarríkjum og öðrum opinberum hagsmunaaðilum á ýmsum stigum (staðar, svæðis, lands, alþjóðlega) að meta það hversu vel þau standast kröfur um staðla Evrópuráðsins, á forsendum sex helstu íhlutunarsviðanna (þátttaka, upplýsingar, aðild, aðgangur að réttindum, æskulýðsstarf og hreyfanleiki) sem móta grunninn að stefnu Evrópuráðsins varðandi þátttöku og þróun í málum æskulýðs.

■ Þörfin á hlutdeild ungs fólks í evrópskum gildum og þá sérstaklega grundvallargildum Evrópuráðsins (mannréttindi, réttarríki, lýðræði) eru einnig áriðandi. Evrópuráðið hefur ávallt ýtt undir skilning í æskulýðsstefnu á sameiginlegum evrópskum gildum og evrópskri samkennd. Þess vegna ætti að hlúa að þessari evrópsku vídd á öllum sex íhlutunarsvæðum æskulýðsstefnu Evrópuráðsins.

■ Tækið lætur í té nákvæmar og mælanlegar vísbendingar á sérhverju þessara íhlutunarsviða sem gera aðildarríkjum kleift að meta framför við innleiðslu grundvallarstaðla Evrópuráðsins (þ.e. aðallega viðeigandi tilmæli ráðherranefndarinnar).

■ Sjálfsmatsviðmiðun getur síðan hjálpað við mat á framförum hvað snertir hverja vísbendingu.

■ Í samræmi við svipuð tæki í notkun hjá Evrópuráðinu<sup>3</sup>, er vonast til að þetta tæki geri aðildarríkjum kleift að:

- ▶ auka meðvitund og skilning á æskulýðsstefnu;
- ▶ skuldbinda sig til þess að gera sjálfsmat á grunnástandi við innleiðslu;
- ▶ finna hjálp í leit nauðsynlegra leiða til að mæta enn betur kröfum;
- ▶ beina athygli að og deila góðum starfsvenjum;
- ▶ vega og meta framför með tímanum.

■ Aðildarríki eru hvött til að nota tækið á virkan hátt og ef við á með sjálfsmati annað slagið á því hvernig þau mæta kröfum Evrópuráðsstaðla. Að þessu leyti gerir tækið notendum kleift að skrá jákvæðar tilhneigingar sem eiga eftir að leiða til frekari framfara og að auki þau svið þar sem þörf er á umbótum og hugsanlegri eftirfylgd.

■ Tækið miðast aðallega við aðildarríki þar sem æskulýðsstefna er innan lögsögu lands. Tækið ætti hinsvegar einnig að nýttast í sambandsríkjum eða löndum þar sem fengist er við málefni ungmenna af bæjar- eða sveitayfirvöldum, þó svo að slíkt kalli á einstaka samhæfingu og samvinnu meðal mismunandi viðkomandi lögbærra yfirvalda.

■ Aðildarríki eru hvött til að deila þessu tæki með viðkomandi hagsmunaaðilum (til dæmis ráðuneytum með ábyrgð á málaflokkum ungmenna, öðrum ráðuneytum, æskulýðsstofnunum, æskulýðsnefndum, bæjar- og sveitayfirvöldum, viðeigandi hópum fagfólks sem vinnur með ungmennum), til þess að hlúa að þróun evrópskrar æskulýðsstefnu sem grundvallast á gildum.

3. Sbr. "Matstæki á þátttöku barna": sjálfsmatstæki til þess að mæla framför við innleiðslu á tilmælum CM/Rec(2012)2 ráðherranefndar til aðildarríkja um þátttöku barna og ungmenna undir 18 ára.

# Samantekt á helstu vísbendingum til þess að meta framför við innleiðingu staðla Evrópuráðsins

Íhlutunarsvæði	Samsvarandi vísbendingar
<b>Þátttaka</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▶ Æskulýðsstefna gerir virka þátttöku allra ungmenna mögulega, og þá sérstaklega ákvörðunum þeim viðkomandi, og hvetur þau sem ríkisborgara til virkrar þátttöku.</li> <li>▶ Ríkisstjórnin viðurkennir og styður ungmennasamtök, ungmennanefndir og annarskonar frumkvæði eða samfylkingu ungmenna.</li> </ul>
<b>Upplýsingar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▶ Æskulýðsstefna auðveldar framboð á upplýsingum viðkomandi ungmennum með aðgengi fyrir alla, bæði á vefnum og um aðra miðla.</li> <li>▶ Æskulýðsstefna skapar tækifæri fyrir ungmenni til að taka framförum í leit að og við meðhöndlun upplýsinga.</li> </ul>
<b>Aðild</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▶ Æskulýðsstefna stuðlar að aðild ungmenna í viðkvæmri stöðu á öllum sviðum lífs (þar með talið menntun og þjálfun, atvinna og starf, húsnæði, heilsa, íþróttir, tómstundir og menning).</li> <li>▶ Æskulýðsstefna stefnir að því að koma í veg fyrir mismunun, ofbeldi og útilokun sem ungmenni þurfa að fást við, án tillits til ástæðna<sup>4</sup>.</li> </ul>
<b>Aðgangur að réttindum</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▶ Æskulýðsstefna stuðlar að og auðveldar ungmennum aðgang að réttindum á virkari hátt og fjarlægir lagalegar, stjórnsýslulegar og praktískar hindranir.</li> <li>▶ Æskulýðsstefna ýtir undir samhæfða nálgun til þess að bæta aðgang ungmenna að réttindum með samstillingu á öllum viðkomandi málaflokkum á alþjóða-, lands-, svæðis- og staðarvísu.</li> </ul>
<b>Æskulýðsstarf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▶ Uppsetning eða frekari þróun á gæða æskulýðsstarfi er tryggt og stutt án hvatningar í æskulýðsstefnum á staðar-, svæðis- eða landsvísu.</li> <li>▶ Hæfni launaðra og ólaunaðra unglingaráðgjafa tryggir framboð á hágæða æskulýðsstarfi.</li> </ul>
<b>Hreyfanleiki</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>▶ Æskulýðsstefna styður hreyfanleika ungmenna, sér í lagi til þess að ýta undir samkennd þeirra við Evrópu.</li> <li>▶ Æskulýðsstefna styður þróun á gæðaverkefnum í þágu hreyfanleika.</li> </ul>

4. Eins og skýrt er greint frá í Mannréttinasáttmála Evrópu gr. 14 eða öðrum gögnum sem stofnað er til með dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.

## ÞÁTTAKA

### Lagagrundvöllur

- ▶ Tilmæli Rec(2006)14 ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um borgararétt og þátttöku ungmenna í opinberu lífi
- ▶ Tilmæli Rec(2004)13 ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um þátttöku ungmenna í staðar- og svæðismálum
- ▶ Endurskoðaður Evrópusáttmáli um þátttöku ungmenna í staðar- og svæðismálum ráðstefnu staðar- og svæðisyfirvalda Evrópuráðsins
- ▶ Tilmæli Rec Rec(2006)1 ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um hlutverk landsráða ungmenna í þróun æskulýðsstefnu
- ▶ Mannréttindasáttmáli Evrópu, gr. 11 (fundafrelsi og félagafrelsi)
- ▶ Tilmæli um þátttöku barna og ungmenna undir 18 ára og matstæki þeirra á þátttöku barna

### Vísbending 1

Æskulýðsstefna gerir mögulega virka þátttöku allra ungmenna í ákvörðunum, sérstaklega þeim sem eru þeim viðkomandi, og hvetur þau til virkrar þátttöku sem borgarar

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fyllilega <sup>5</sup>	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Æskulýðsstefna hjálpar ungmendum til að vera virkir borgarar, sér í lagi með því að sjá þeim fyrir möguleikum til náms og fræðslu sem kemur til með að auka þátttöku þeirra í opinberu lífi.				
Viðeigandi fyrirkomulag eða ráðstafanir eru gerðar til þess að gera þátttöku allra ungmenna mögulega, þar með talið þeirra í viðkvæmri stöðu, í ákvörðunum og umræðu um mál þeim viðkomandi.				
Hvatt er til deilingar og notkunar á góðum starfsvenjum í virkri og nýskapandi þátttöku á staðar-, svæðis- og landsvísu.				

5. Eða "í vinnslu"



## Vísbinding 2

Ríkisstjórnin viðurkennir og styður samtök ungmenna, ungmennaráð og annað framtak eða aðstöðu ungmenna.

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fyllilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Réttur ungs fólks er tryggður til að umgangast aðra til þess að mynda heild með það fyrir augum að fylgja sem hópur eftir sameiginlegum markmiðum.				
Samtökum ungmenna, ráðum og framtökum er séð fyrir rými, fjármunum og þeim öðrum stuðningi sem nauðsyn er á til þess að tryggja hnökralausa og árangursríka starfsemi.				
Óháð ungmennasamtök og ungmennaráð fyrirfinnast á staðar-, svæðis- og landsvísu og gegna mikilvægu hlutverki í þróun og framkvæmd æskulýðsstefnu.				

### Jákvæð þróun sem mun leiða til frekari framfara

--

### Svæði sem þarfnast úrbóta og hugsanleg eftirfylgni

--

## UPPLÝSINGAR

### Lagagrundvöllur

- ▶ Tilmæli CM/Rec(2010)8 ráðherranefndarinnar til aðildarríkja varðandi upplýsingar um ungmenni
- ▶ Tilmæli Nr. R (90) 7 ráðherranefndarinnar til aðildarríkja varðandi upplýsingar og ráðgjöf fyrir ungmenni í Evrópu
- ▶ Önnur viðeigandi frumkvæði Evrópuráðs:
  - Áætlun um stjórnunarhætti Netsins 2016-2019
  - Tilmæli R(97)20 ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um „hatursorðræðu“
  - Herferð hreyfingar gegn hatursorðræðu

### Vísbending 1

Æskulýðsstefna gerir mögulegt framboð á viðeigandi og aðgengilegum upplýsingum ætluðu ungu fólki, og aðgengi að þeim fyrir allt ungt fólk, bæði um Netið og með öðrum leiðum.

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fyllilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Upplýsingar fyrir ungmenni og ráðgjafarþjónusta eru veittar á staðar- og svæðisvísu.				
Upplýsingar fyrir ungmenni og ráðgjafarþjónusta eru veittar á landsvísu.				
Snið og skil á upplýsingum fyrir ungmenni eru löguð að þörfum og ríkjandi notkun ungs fólks á miðlum, þar með talið í upplýsingatækni.				
Ungmenni taka þátt í þróun á innihaldi og skilameðferðum á upplýsingum fyrir ungt fólk.				
Upplýsingar fyrir ungmenni og ráðgjafarþjónusta leggur sérstaka áherslu á umfjöllun um þarfir illa settra ungmenna.				

### Vísbending 2

Æskulýðsstefna skapar ungmendum möguleika á því að þróa hæfileika við að nýta upplýsingar

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fyllilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Upplýsinga/stafrænt læsi, þar með talið gagnrýnin hugsun, er hluti af skipulegri menntun.				
Upplýsinga/stafrænt læsi, þar með talið gagnrýnin hugsun, er hluti af óformlegu eða reynslutengdu námi.				
Æskulýðsstefna eykur skilning ungmenna á áhættum á vegi þeirra sem neytenda og því að gefa upplýsingar um Netið, og þá einnig með tilliti til verndunar persónuupplýsinga.				

**Jákvæð þróun sem mun leiða til frekari framfara**

**Svæði sem þarfnast úrbóta og hugsanleg eftirfylgni**

## AÐILD

### Lagagrundvöllur

- Tilmæli [CM/Rec\(2015\)3](#) ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um aðgang ungmenna frá illa settum hverfum að félagslegum réttindum (Enter!)
- Tilmæli [CM/Rec\(2016\)7](#) ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um aðgang ungmenna að réttindum

### Vísbending 1

Æskulýðsstefna stuðlar að aðild ungmenna í erfiðum kringumstæðum á öllum sviðum lífs (þar með talið menntun og þjálfun, atvinna og starfsgreinar, húsnæði, heilsuþjónusta, íþróttir, tómstundir og menning)

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fyllilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Æskulýðsstefna tekur sérstaklega mið af þörfum ungmenna í erfiðum kringumstæðum.				
Markvissar ráðstafanir eru gerðar til að stuðla að aðild allra ungmenna, sérstaklega um og með æskulýðsstarfi, hreyfanleika, þátttöku og upplýsingum.				
Æskulýðsstefna byggir brýr yfir í menntastefnu í þeim tilgangi að efla aðild ungmenna.				
Æskulýðsstefna byggir brýr yfir í atvinnustefnu í þeim tilgangi að efla aðild ungmenna.				
Æskulýðsstefna byggir brýr yfir í húsnæðis- og heilbrigðisstefnur í því skyni að hvetja aðild ungmenna.				

### Vísbending 2

Tilgangur æskulýðsstefnu er að koma í veg fyrir þá mismunun, ofbeldi og útilokun sem ungmenni þurfa að fást við, án tillits til ástæðna<sup>6</sup>

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fyllilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Markvissar ráðstafanir eru fyrir hendi til að gera öllum ungmönnum keift að taka virkan þátt í samfélaginu on mismununar.				
Sérstakt varnarleysi sumra ungmenna gagnvart mismunun og fordæmingu er viðurkennt og ráðstafanir gerðar til að takast á við þetta vandamál.				
Ráðstafanir eru gerðar til að stuðla að einingu og jákvæðum samskiptum fólks af ólíkum uppruna, þar með talið um og með æskulýðsstarfi.				

### Jákvæð þróun sem mun leiða til frekari framfara

### Svæði sem þarfnast úrbóta og hugsanleg eftirfylgni

6. Eins og skýrt er greint frá í Mannréttindasáttmála Evrópu gr. 14 eða öðrum gögnum sem stofnað er til með dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.

## AÐGANGUR AÐ RÉTTINDUM

### Lagagrundvöllur

- ▶ Tilmæli [CM/Rec\(2016\)7](#) ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um aðgang ungmenna að réttindum
- ▶ Tilmæli [CM/Rec\(2010\)7](#) ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um sáttmála Evrópuráðsins um lýðræðis- og mannréttindamenntun

### Vísbinding 1

Æskulýðsstefna stuðlar að og gerir í raun mögulega aðild ungmenna að réttindum og ryður úr vegi öllum lagalegum, stjórnsýslulegum og verklegum hindrunum<sup>7</sup>

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fyllilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Æskulýðsstefna stuðlar að því að fjarlægja hindranir í aðgengi allra ungmenna að gæðamenntun og tækifærum til þjálfunar.				
Ungmennum er veittur stuðningur við að yfirvinna erfiðleika sem orðið gætu á vegi þeirra í leit að öruggu og mikilsverðu starfi og neikvæðar afleiðingar af völdum ótryggra lífskringumstæðna.				
Mælt er fyrir um ráðstafanir sem mæta sérstökum þörfum ungmenna á sviði samfélags- og heilbrigðisþjónustu.				

### Vísbinding 2

Æskulýðsstefna hlúir að samstilltri nálgun að því að bæta aðild ungmenna að réttindum með samvinnu á öllum viðeigandi stefnusviðum á alþjóða-, lands-, svæðis- og staðarvísu

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fyllilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Æskulýðsstefna sér til þess að ungmenni hafi aðgang að mannréttindamenntun og lýðræðismenntun.				
Hagsmunaaðilar viðriðnir æskulýðsmál innan allra viðeigandi stefnusviða skiptast á upplýsingum og vinna saman í þeim tilgangi að bæta aðgang ungmenna að réttindum.				
Endurskoðun á nógildandi og fyrirhuguðum lög-gjöfum eða áætlunum sem styðja það og tryggja að aðgangur ungmenna að réttindum sé efndur, og viðbótar stuðningsaðgerðir innleiddar.				

### Jákvæð þróun sem mun leiða til frekari framfara

### Svæði sem þarfnast úrbóta og hugsanleg eftirfylgni

7. Ekki verður fjallað hér um aðild að viðkomandi réttindum tilmæla [CM/Rec\(2016\)7](#) sem falla undir önnur ihlutunarsvæði (t.d. þátttöku, aðild), hvort sem er á sviði vísbindinga eða sjálfsmatsviðmiða.

## ÆSKULÝÐSSTARF

### Lagagrundvöllur

► Tilmæli CM/Rec CM/Rec(2017)4 ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um æskulýðsstarf

### Vísbinding 1

Uppbygging eða frekari þróun á gæða æskulýðsstarfi er tryggð og studd ötullega í æskulýðsstefnu staðar, svæðis eða lands

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fullilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Stefnuáætlanir, ramar, löggjöf, varanlegt fyrirkomulag og aðföng til stuðnings æskulýðsstarfs eru vel unnar.				
Stuðlað er að jöfnum aðgangi allra ungmenna að æskulýðsstarfi með virkri samvinnu við aðra geira og við tengdar stefnur.				
Unglingaráðgjafar og ungmenni taka virkan þátt í þróun æskulýðsstarfs.				

### Vísbinding 2

Færni launaðra og ólaunaðra unglíngaráðgjafa tryggir framboð á hágæða æskulýðsstarfi

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fullilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Samræmdur og sveigjanlegur hæfnimiðaður rammi fyrir menntun og þjálfun á launuðum og ólaunuðum unglíngaráðgjöfum er þróaður.				
Sérhver slíkur rammi tekur mið af starfsvenjum í gildi, nýjum stefnum og sviðum, auk margbreytilegs æskulýðsstarfs.				
Hagsmunaaðilar, að með töldum unglíngaráðgjöfum og ungmennum, taka þátt í þróun þessa ramma.				

**Jákvæð þróun sem mun leiða til frekari framfara**

**Svæði sem þarfnast úrbóta og hugsanleg eftirfylgni**

## HREYFANLEIKI

### Lagagrundvöllur

- ▶ Ályktun (91) 20 innleiddi hlutasamning um ungmennaskírteini í þeim tilgangi að stuðla að og auðvelda hreyfanleika æskulýðs um Evrópu
- ▶ Tilmæli R (95) 18 ráðherranefndarinnar til aðildarríkja um hreyfanleika æskulýðs

### Vísbending 1

Æskulýðsstefna styður hreyfanleika ungmenna, sér í lagi til þess að efla samkennd þeirra við Evrópu

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fyllilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Tiltekin stefnuákvæði, áætlanir og tækifæri til náms og framgangs auðvelda ungmennum félagslegan, menningarlegan, menntunarlegan og hagfræðilegan hreyfanleika.				
Upplýsingar og ráðgjafarþjónusta um tækifæri fyrir hreyfanleika ungmenna er fyrir hendi.				
Hreyfanleikaverkefni hlúa að tilfinningu um tengsl við Evrópu, sér í lagi um gildi og meginreglur Evrópuráðs um þvermenningarlega þekkingu.				

### Vísbending 2

Æskulýðsstefna ýtir undir þróun á gæðaverkefnum í hreyfanleika

Sjálfsmatsviðmið	Já	Ekki fyllilega	Nei	Dæmi um góðar starfsvenjur
Hreyfanleikaverkefni bregðast við gæðameginreglum, til dæmis viðmiðunarreglum sem fram koma í „Evrópusáttmála um gæði í hreyfanleika í námi á æskulýðssviði“.				
Kunnátta og góðar starfsvenjur í málum hreyfanleika ungmenna er byggð upp og deilt til þess að halda betur uppi stefnuúrlausnum.				

### Jákvæð þróun sem mun leiða til frekari framfara

### Svæði sem þarfnast úrbóta og hugsanleg eftirfylgni

Þörfin á því að ungmenni tengist evrópskum gildum og, þá sérstaklega, grunnildum Evrópuráðsins (mannréttindi, réttarríki, lýðræði) er þýðingarmikil. Evrópuráðið hefur alltaf fókusað skilning á æskulýðsstefnu á grundvelli Evrópugilda og samkenndar við Evrópu.

Það er í þessu samhengi sem stýrining Evrópuráðsins um málefni ungs fólks (CDEJ) samþykkti opinberlega þetta sjálfsmatstæki til þróunar á æskulýðsstefnu.

Tækið var þróað til þess að hjálpa aðildarríkjum við sjálfsmat á eigin hlífingu á gildum Evrópuráðsins í æskulýðsstefnu og til notkunar við þróun á eigin ákvarðaða hraða á æskulýðsstefnu. Vonast er til að þetta hagnýta tæki muni gera aðildarríkjum og öðrum hagsmunaaðilum kleift að beina athygli að og deila góðum starfsvenjum og meta framför með tímanum.

[www.coe.int](http://www.coe.int)

Evrópuráðið er helsta stofnunin á sviði mannréttindamála í Evrópu. Aðildarríkin eru 47, þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttinasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

